


Borgarbúum bjóðast ódýr veiðileyfi:

FIMM HUNDRUÐ SJÓBIRTINGUM OG FIMMTÍU LÖXUM SLEPPT Í HÓLMSÁ



Jakob Hafstein sleppir einum vænum í Hólmsá. Varð sá að vonum frelsinu fegninn, hvað svo sem það varir lengi.

DB-mynd: Einar Ólason.

— Við mælumst til þess að fólk fari varlega í fyrstu og veiði helst ekki nema svona þrjá til fjóra á stöng, sagði Jakob Hafstein, formaður Veiði- og fiskiræktarráðs Reykjavíkurborgar í samtali við DB, en fyrir tilstuðlan ráðsins hefur verið sleppt um 500 sjóbirtingum og 50 löxum í Hólmsá fyrir ofan Reykjavík. Eru sjóbirtingarnir tvö til fimm pund á þyngd, en laxarnir fjögurra til sjö punda þungir.

— Það má segja að með þessu sé gamall draumur að rætast, sagði Jakob. — Með þessu er verið að gefa borgarbúum, ungum sem öldnum, tækifæri á að komast í veiðiá, án þess að þeir þurfi að rýja sig inn að skinni. Veiðileyfi verða seld á svipuðu verði og leyfin í Elliðavatni, þannig að kostnaðurinn ætti ekki að vera neinum ofviða.



EIRÍKUR S. EIRÍKSSON

Blaðamenn DB fylgdust með því er fiskunum var sleppt í Hólmsá og má segja að þar hafi verið handagangur í öskjunni. Silspikaðir, sprikluðu sjóbirtingarnir úr höndum Jakobs og félag hans og út í ána þar sem þeir bíða borgarbúa. — Þetta er tilraun af okkar hálfu og það er vonandi að einhverjir geti haft gagn og gleði af því að renna færi fyrir þessa fiska, E.t.v.



Eins og sjá má á myndinni eru þetta hinir vænstu fiskar. Hér hampar Jakob einum.

hrygnir eitthvað af þeim í ánni og hver veit nema að hægt sé að rækta ána upp að einhverju marki, sagði Jakob Hafstein.

Þess má geta að allur sjóbirtingurinn og laxinn sem látinn var í ána er frá

Öxnalæk, fiskeldisstöð sem Tungulax h.f. rekur. Veiðileyfi kosta 50 kr. fyrir hálfan dag og eru þau seld í verzluninni Vesturröst, Elliðavatni og Gunnarshólma.

-ESE.

„HANN ER Á“ — DB fylgist með veiði í Hólmsá, hinni „nýju“ laxveiðiá borgarinnar

Veiðileyfi eru þegar byrjuð að seljast grimmt í Hólmsá, enda fáir veiðimennirnir sem slá hendinni á móti lax- og sjóbirtingaveiði í á, fyrir aðeins 50 krónur. Er blaðamenn DB komu að ánni voru nokkrir veiðimenn komnir út í miðja á og farnir að renna fyrir þann stóra.

Menn þurftu heldur ekki lengi að bíða, því að fljótlega setti Eiríkur Eiríksson, vanur veiðimaður úr Reykjavík, í fisk og gekk greiðlega að koma honum á þurrt land. Reyndist þetta vera þriggja punda urriði og því ekki einn af skjólstaðingum Veiði- og fiskiræktarráðs.

Skömmu ofar í ánni var Gunnar Guðmundsson, fyrrverandi vélstjóri, við veiðar og hafði hann einnig fengið einn urriða svipaðan á þyngd. Gunnar er ekki alls ókunnugur Hólmsá, því í fyrra setti hann í tíu punda lax í ánni.

— Ég hef einnig fengið nokkrar bleikjur hérna og mest á flugu, sagði Gunnar. Aðrir veiðimenn sem DB tók tali, Oddur Vilhjálmsson úr Hafnarfirði og Ragnar Austmar, úr Reykjavík, höfðu ekki orðið varir er DB-menn héldu á brott, en glíman við skjólstaðinga Veiði- og fiskiræktarráðs stóð þó enn og væntanlega hafa þeir

félagar landað nokkrum fiskum til viðbótar áður en dagurinn var allur. -ESE.



Eiríkur Eiríksson með urriðann.

Nefnd um grænmetisál: „19. aldar skipulag“

„Í sem skemmstu máli má segja að sá rammi sem settur er um viðskipti á kartöflum með reglugerð er það þröngur að þó einhverju sé breytt í reglugerð breytist nær ekkert í raun“ sagði Jónas Bjarnason efnaverkfræðingur. Hann sat sem fulltrúi Neytendasamtakanna í nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til athugunar á reglugerð um dreifingu grænmetis. Í nefndinni sátu, auk Jónasar, Magnús Óskarsson kennari á Hvanneyri og var hann formaður og Ingi Tryggvason, formaður

stjórnar Grænmetisverzlunar landbúnaðarins og jafnframt fulltrúi Framleiðslaráðs. Nefndin hefur nýskilað drögum að breytingu á reglugerðinni.

„Í lögunum segir í raun að Framleiðslaráð getur alveg ráðið því hvort Íslendingar fá t.d. rauðkál, hvítkál eða púrrulauk. Hefðbundnir bændur í nautgripa- og sauðfjárbúskap ráða því þannig hvað Íslendingar fá af grænmeti. Þetta er 19. aldar skipulag sem enn er við lýði,“ sagði Jónas.

-DS

LADA sport 4x4



- 4 hjóla drif
- Fjórídrif
- 4 cyl. 86 ha.
- Hátt og lágt drif.
- 16" felgur.
- Afturrúðupurrka

- Þriggja dyra.
- Lituð framrúða.
- Hituð afturrúða
- Hliðarlistar.
- Vindskeið.
- Silslistar

Verð ca.

104.800.-



Bifreiðar & Landbúnaðarvélar hf.

Suðurlandsbraut 14 - Reykjavík - Sími 38600